

Fangelsismálastofnun ríkisins
Borgartúni 7
105 Reykjavík

Vangaveltur um félagslega stöðu kvenna í afbrotum
eftir Margréti Sæmundsdóttur

Ágúst, 2005

1. Inngangsorð

Þegar skoðaðar eru tölulegar upplýsingar um kærð brot hér á landi og í löndunum í kringum okkur eru konur að meðaltali með um 18% af öllum kærðum málum.¹ Í fangelsum er hlutfall kvenna af heildarföngum síðan að meðaltali um 6%.² Konum hefur þó verið að fjölga hlutfallslega í fangelsum hjá stærri þjóðum s.s. í Ástralíu, í Bandaríkjunum og í Bretlandi og í raun hlutfallslega hraðar en karlmönnum. Á Norðurlöndunum hefur raunin ekki verið sú sama eins og nánar kemur fram í þessari grein.

Almennt hafa afbrot kvenna verið tengd við smávægileg þjófnaðarbrot og skjalafals en afbrot karlmanna við harðari brot eins og ofbeldi, rán og innbrot. Þegar hins vegar eru skoðaðar tölur um þjófnaði hjá þeim sem afplána fangelsisrefsingu þá hefur hlutfallið á síðustu árum verið mjög svipað hjá kynjunum eða um 25-30% meðal kvenna og 20% hjá karlmönnum.³ Þá benda ýmsar tölur til þess að konum sem fremja alvarleg brot sé að fjölga en aðrar tölur sýna að svo er ekki. Að meðaltali eru um 10-12% kvenna að afplána fangelsisrefsingu fyrir ofbeldisbrot, þar með talinn manndráp en 15-17% á meðal karlmanna. Á Íslandi hafa ofbeldisbrot verið hlutfallslega færri í samanburði við önnur lönd eða um 6% hjá konum og um 11% hjá körlum. Það sem sameinar síðan kynin í afbrotum og virðist vera sammerkt með þeim eru fíkniefnabrot en um og yfir 30% þeirra eru að afplána refsingu fyrir slík brot.

Þótt vísbendingar séu um að konum fjölgi í afbrotum eru þær miklu færri en karlmenn og eiga enn langt í land með að vera jafnstíga þeim á þessum markaði. Sumir fræðimenn hafa í þessu samhengi bent á að kyn sé helsta skýribreytan fyrir afbrotum. Aðrir telja að afbrotahegðun stýrist fremur af félagslegum áhrifum heldur en af genetískum áhrifum,

¹ Stuðst var við ýmsar heimasíður sem birta tölfræðilegar upplýsingar um fjölda afbrota eftir kyni, s.s. www.homeoffice.gov.uk, www.ojp.usdoj.gov/bjs/, www.vankeinhoito.fi, www.kriminalforsorgen.dk og www.rls.is

² International Centre for Prison Studies: www.kcl.ac.uk/depsta/rel/icps/worldbrief/world_brief.html

³ Rannsóknir í dag sýna að þjófnaður virðist aukast mun hraðar meðal karla en meðal kvenna. Hafa fræðimenn rekið þessa þróun m.a. til vaxandi þátttöku karla í innkaupum.

þ.e. áhrif kyns hverfi nánast þegar þættir eins og félagsleg staða eru teknir með.⁴ Þá hafa sumir talið að refsivörslukerfið ýti enn frekar undir að það sé þessi munur á milli kynjanna.

Hér fyrir neðan verða skoðaðar tölur um fjölda kvenna í fangelsum í nokkrum löndum á tíu ára tímabili. Ennfremur er fjallað stuttlega um helstu sjónarmið innan afbrotافرæðinnar um kynin í afbrotum og kynntar rannsóknir sem hafa verið gerðar á félagslegri stöðu fanga, auk athugunar sem gerð var hjá breska dómskerfinu við beitingu refsinga með tilliti til kyns. Að lokum verður velt upp nokkrum spurningum um framtíð kvenna í afbrotum og hvers vegna þær eru enn svona miklu færri en karlmenn á afbrotamarkaðnum.


2. Tölulegar upplýsingar

Tölurnar á mynd 1 sýna hlutfallslegan fjölda kvenna af heildarföngum sem var í fangelsi á ákveðnum degi á árunum 1993 til 2003.⁵ Eingöngu fékkst samanburður við þessi lönd með því að nota ákveðinn dag sem viðmiðun en spurningin er hvort að meðaltal endurspegli ekki betur raunverulegan fjölda. Á myndinni sést að hlutfall kvenna í fangelsum af heildarföngum hjá stærri þjóðunum jókst nokkuð jafnt og þétt milli áranna frá 1993 til 2003. Á Norðurlöndunum var hins vegar dreifingin á milli ára á sama tímabili sveiflukennd.

⁴ Sjá m.a. Hagan, J (1987) og Gottfredson og Hirschi (1990)

⁵ Á Norðurlöndunum er miðað við 1. september hvers árs en 1. desember í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Mynd 1. Hlutfall kvenna í fangelsum í tilgreindum löndum á ákv. degi frá 1993 til 2003



Í Bandaríkjunum var hlutfall kvenna í fangelsum á árinu 2003 hæst eða 6,8% af heildarföngum⁶. Í þriðja sæti var Ísland með 6,1% kvenfanga og lægst var hlutfallið í Danmörku eða 4,4%. Þrátt fyrir að hlutfallsaukningin sé ekki mikil eins og sést á myndinni þá fjölgaði konum hraðar en karlmönnum á þessu tímabili meðal stærri þjóðanna. Í Bretlandi fjölgaði t.a.m. kvenföngum milli áranna 1993 til 2002 um 184% en 50% á meðal karlfanga.⁷ Í Ástralíu var aukningin um 63% meðal kvenna en 21% hjá körlum á sama tíma.⁸ Talsvert hefur verið skrifað um fjölgun kvenna í fangelsum. Ein skýringin sem hefur komið fram er að fleiri konur í dag fremji alvarlegri brot en áður. Refsingar þeirra eru því þyngri og þar af leiðandi sitja þær lengur í fangelsi. Gelsthorpe og Morris (2002) hafa fært rök fyrir því að í Bretlandi a.m.k. hafi þetta ekki verið að eiga sér stað. Konur séu enn líklegri til að fremja smávægileg brot eins og áður en stefnan í refsikerfinu hafi breyst í þá veru að dæma kynin fremur í fangelsi fyrir slík brot í stað þess að beita öðrum úrræðum.⁹

Mynd 2 sýnir hvernig þróunin hefur verið á Norðurlöndunum á meðal kvenna í fangelsum milli ára á tímabilinu 1993-2003.


⁶ Þetta eru tölur frá ríkisfangelsum í Bandaríkjunum en ef hlutfall kvenna í einkafangelsum eru teknar með er hlutfallið nálægt 9%.

⁷ Þessar upplýsingar má m.a. finna á bresku heimasíðunni www.hmprisonservice.gov.uk. Í skýrslu sem heitir „The Prison Population: A Statistical Review”.

⁸ Sjá heimasíðu Australian Bureau Statistics, www.abs.gov.au

⁹ Gelsthorpe I, and Morris, A (2002), bls. 279-287


Mynd 2. Hlutfallsbreyting kvenna í fangelsum á Norðurlöndunum á ákv. degi frá 1993-2003



Á myndinni sést að hlutfallið var ekki stöðugt á tímabilinu. Eins virðast vera lítil sem engin tengsl á milli landanna varðandi fjölgun eða fækkun kvenfanga. Greina má þó smá merki um fækkun á öllum löndunum á tímabilinu 1997-1999 og aukningu á milli árunna 1999 til 2003 í Finnlandi, á Íslandi og í Svíþjóð. Erfitt er að fjalla um Ísland í þessu samhengi þar sem það þarf svo lítið til, til að það verði aukning eða fækkun á fjölda kvenna í fangelsum. Sem dæmi fjölgaði íslenskum kvenföngum úr þremur í sex á einum degi, sem er 100% aukning en lækkaði fljótt aftur niður í sama fjöldann. Það getur því verið heppilegra að taka mið af meðaltalsfjölda fanga á ári fremur en að miða við ákveðinn dag á hverju ári sem tíðkast þó hjá fangelsisýfirvöldum á Norðurlöndunum.¹⁰ Sem dæmi ef lítið er á meðaltalsfjölda kvenna í íslensku fangelsi á árinu 2003 var hann um 5,3% af heildarföngum eða 1% lægri en ákveðinn dagur eins og ofangreind mynd sýnir. Á mynd 3 má sjá til samanburðar hvernig hlutfallsbreytingin var hjá karlmönnum á tímabilinu 1993-2003.

¹⁰ Nordisk Statistikk for kriminalomsorgen 1997 og 1999-2003, www.krus.no/kriminalomsorgen

Mynd 3. Hlutfallsbreyting karlmanna í fangelsum á Norðurlöndunum á ákv. degi frá 1993 til 2003



Eins og sést á myndinni var fjöldi karlmanna í fangelsum á Norðurlöndunum mjög sveiflukenndur á milli ára og í raun meira en hjá konunum. Mynstrið á milli landanna er þó líkara þótt engar mælingar liggi fyrir um hvort það séu tengsl á milli þeirra eða ekki. Á árunum milli 1997 til 1999 fór karlföngum hlutfallslega fækkandi meðal allra Norðurlandanna en fjölgaði aftur á milli árunum 1999-2001 í öllum löndunum nema í Danmörku.

Fækkunin á fangafjölda hjá báðum kynjunum á seinni hluta tíunda áratugarins má m.a. skýra með því að löndin fóru í auknum mæli að beita öðrum úrræðum en afplánun í fangelsi, s.s. samfélagsþjónustu, rafrænu eftirliti og skilorðsbundnum dómum með sérskilyrðum sem er öfugt við þær niðurstöður sem Gelsthorpe og Morris fengu í Bretlandi og fjallað var um hér að framan. Ekki hefur verið skoðað hérlandis hvort að fangelsisdómum fyrir smávægilegri brot fari fjölgandi en ef svo er þá hefði það líklega ekki áhrif þar sem heimilt er að breyta vægari fangelsisrefsingum í samfélagsþjónustu.¹¹ Fjölgun í fangelsum á fyrstu árum þessa áratugar má síðan skýra með fjölgun fangaplássna og með öðrum ytri skýringum s.s. aukinni löggæslu og hertum refsingum en ekki með fjölgun afbrota.¹² Það sem er líka að koma fram hjá Norðurlöndunum er fjölgun erlendra

¹¹ Sbr. lög nr. 49/2005 um fullnustu refsinga

¹² Sjá ársskýrslur fangelsisýfirvalda í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Misjafnt er eftir löndunum hvaða skýringar liggja á bak við fjölgunina í upphafi 21. aldarinnar en þær eru allar háðar ytri þáttum. Í Noregi t.a.m. voru tekin í notkun fleiri fangapláss í fangelsum landsins.

fanga, þ.e.a.s. þeir sem eru handteknir á landamærum fyrir aðallega fíkniefnasmygl, fölsun vegabréfs og mansal.

3. Kenningar um konur í afbrotum

Fræðimenn á ýmsum sviðum hafa á undanförunum áratugum skrifað greinar og rannsakað hvers vegna hlutdeild kvenna í afbrotum sé miklu lægri en á meðal karlmanna. Árið 1975 kom út bók eftir Frieda Adler sem heitir „Sister in Crime” sem náði athygli margra. Adler setti í bók sinni stöðu kvenna á afbrotamarkaðnum í samhengi við stöðu kvenna m.a. á vinnumarkaðnum. Hún spáði því að þegar jafnrétti á þessu sviði yrði náð þá yrðu afbrot karla og kvenna jafn algeng. Þessi spá Adler hefur hins vegar ekki gengið eftir þar sem konur eru enn miklu færri í afbrotum og í engu samræmi við aukna þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Margir telja í þessu sambandi eins og kom fram í inngangsorði að kyn sé því í raun eina skýribreytan sem geti mælt þennan mun. Nánar tiltekið að ef við vitum kyn einstaklingsins er spá okkar um líkur á því hvort hann brjóti af sér eða ekki, mun nákvæmari en ef við þekkjum ekki kynið.¹³ Á móti telja aðrir að kynbreytan nánast hverfi þegar tekið er mið af félagslegum þáttum kynjanna. Ofan á það hafa sumir bætt refsivörslukerfinu inn í og telja að lögregla og dómstólar taki mismunandi á kynjunum í afbrotum sem ýti enn frekar undir muninn milli kynjanna. Hér verður staldrað við félagslega sjónarmiðið og áhrif refsivörslukerfisins.¹⁴

Í grófum dráttum er skýringin sem tekur á félagslegri stöðu kynjanna sú að konur séu aldar upp við meira félagslegt aðhald og ábyrgð en karlmenn. Afbrotafræðingurinn Hagan, J (1987) hefur til dæmis bent á að stúlkur hafi ávallt verið undir mun meira eftirliti af hálfu foreldris/foreldrum í uppeldi, sérstaklega móður, sem mótask af því að frávíkshæðun þeirra, eins og vímuefnaneysla og afbrot, sé ekki æskileg í samfélaginu. Þá eru stúlkur aldar upp við móðurhlutverkið og umönnun sem fylgir þeim á móttunarskeiðinu sem síðan heldur aftur af þeim í umhverfinu. Þannig hafi þetta gengið milli kynslóða og viðhaldið sjálfum sér. Á hinn bóginn er uppeldi karlmanna mun lausara

¹³ Þessi afstaða er vel þekkt og ekki ný af nálinni. Cesare Lombroso sem var uppi á 19. öldinni rannsakaði kynin í afbrotum og var einn af fyrstu mönnum til að birta þær niðurstöður að það fæddust miklu færri konur sem afbrotamenn („there were far fewer “born female criminal”) heldur en karlmenn. Nýlega hafa verið að birtast greinar eftir höfunda sem styðja þetta sjónarmið, m.a. er fjallað um það í bókinni *Criminology* eftir Conklin, J.E og í grein eftir Player, E (1989).

¹⁴ Umfjöllun um kenningar innan afbrotafræðinnar má t.a.m. finna í bók eftir Siegel, L.J. (2004).

og frávíkshæðun þeirra viðurkenndari af samfélaginu. Ef þetta er raunin má eins gera ráð fyrir að þær stúlkur sem fá ekki þetta aðhald í æsku eða missa það af einhverjum ástæðum, séu þar með orðnar líklegri til þess að leiðast út í neikvæða hæðun. Samfélagið hefur hins vegar móttengið þau skilaboð út frá uppeldislegu sjónarmiði að stúlkur eigi ekki að hæð sér á neikvæðan hátt. Þessi skilaboð geta valdið stúlkum meiri togstreitu og vanda sem verður faldari og jafnvel bældari heldur en ef karlmaður á í hlut. Þær eiga því erfiðara uppdráttar og verða jafnvel fyrir meiri félagslegri einangrun. Þannig mætti líka halda því fram að ef kynin fara að nálgast hvort annað meira í uppeldi og á öðrum félagslegum sviðum að þá megi spá því í framtíðinni að konur verði fleiri á afbrotamarkaðnum eins og á öðrum markaði og þær meðhöndlaðar til jafns við karlmenn. Á móti mætti eins snúa þessu við og segja að þegar uppeldi drengja fer að verða líkari uppeldi stúlkna þá muni neikvæðum frávíkshæðunum fækka í samfélaginu.

Þetta samfélagslega viðhorf um félagslega stöðu kvenna eins og það birtist í dag samkvæmt sjónarmiðinu er talið endurspegla síðan viðhorf refsivörslukerfisins sem tekur ekki eins á kynjunum. Í rannsókn Hedderman og Lorain, (1997) á breska dómsskerfinu gagnvart refsingum á kynjunum kom fram að konur væru mun líklegri til að fá vægari refsingu en karlmenn, sérstaklega fyrir vægari brot eins og þjófnaði og minniháttar fíkniefnabrot. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að konur voru oftast sýknaðar við fyrsta brot, en karlmenn fengu sektir eða skilorðsbundinn dóm. Við ítrekun á þessum brotum voru konur líklegri til að fá skilorðsdóm eða samfélagsþjónustu, en karlar óskilorðsbundinn dóm. Þessar niðurstöður hafa verið gagnrýndar m.a. af Morris og Gelsthorpe (2002) sem segja að í rannsókninni hafi ekki verið kannað til hlýtar hvað bjó á bak við hvert brot og þar með ekki hægt að skýra nægilega vel sambandið á milli fyrri refsinga, tegund brots og núverandi refsingar. Það sem hins vegar styður niðurstöður Hedderman og Lorain er sú könnun sem Gelsthorpe og Loucks (1997) lögðu fyrir dómara í Bretlandi á svipuðum tíma um refsingar á kynjunum. Þar kom í ljós að meirihluti dómaranna höfðu þau viðhorf að konur í afbrotum *eigi við vandamál að stríða* sem beri að aðstoða en karlmenn í afbrotum *séu til vandræða* sem beri að refsa. Þeir beittu því ekki fangelsisrefsingu á konur nema önnur úrræði væru fullreynd. Margir svöruðu því til að þeim þætti einfaldlega erfiðara að dæma konur í fangelsi með hliðsjón af því að margar þeirra væru mæður og um leið fyndist þeim að verið væri að refsa barni/börnum þeirra. Að mati dómaranna ættu konur líka við meiri félags- og efnahagslega erfiðleika að etja sem erfitt

væri að horfa fram hjá. Þær sýndu jafnframt mun oftari meiri iðrun og þar sem konur eru mun líklegri til þess að brjóta ekki aftur af sér, þyrfti ekki að taka eins hart á þeim eins og á karlmönnum.¹⁵ Samkvæmt þessum niðurstöðum virðist því ekki vera óalgengt að dómara gefi sér ákveðna staðalímynd af konum sem fremja afbrot í samfélaginu sem mótast af félagslegri stöðu þeirra. Sambærilegar niðurstöður fengust í rannsóknum sem gerðar voru í Bandaríkjunum og í Svíþjóð. Ekki hefur farið fram athugun hér á landi á þessum málum en í athugun sem Rannveig Þórisdóttir, Haukur Freyr Gylfason og Marius Peersen gerðu á ungum öikumönnum (2004) kom í ljós, þótt það tengist ekki félagslegri stöðu kynjanna, að konur hér á landi eru líklegri en karlar til að komast upp með umferðarlagabrot.

4. Staða kvenna í fangelsum

En hver er félagsleg staða kvenna sem fremja afbrot? Er hún önnur en hjá karlmönnum í sömu stöðu sem getur skýrt að sama skapi það sjónarmið að þær fremja ekki afbrot nema að þær hafi búið við erfiðar félagslegar aðstæður? Til að nálgast þessar spurningar er eðlilegast að skoða félagslega stöðu kvenna út frá raunverulegum gögnum. Gerðar hafa verið þó nokkuð margar rannsóknir á stöðu kvenna sem fremja afbrot og taka út refsingu í fangelsi enda auðveldara að nálgast upplýsingar um þær heldur en þeirra sem eru úti í samfélaginu. Almenn hafa rannsóknir sýnt fram á að meirihluti þeirra eigi við mun meiri félags- og heilbrigðisvanda að etja en karlar sem sitja í fangelsi. Í athugunum hjá t.a.m. Pollock 2002; Belknap 2001; Chesney-Lind 1997; Pogrebin, M. og Dodge, M. 2001, kom í ljós að hátt hlutfall kvenfanga hefur alist upp við mikla óreglu í æsku, orðið fyrir kynferðislegri misnotkun eða ofbeldi af hálfu fjölskyldumeðlimar, vinar eða síðar sambýlismanns og þurft að glíma meira við fátækt. Þær finna oft meira fyrir sektarkennd heldur en karlfangar vegna þess að hátt hlutfall þeirra er mæður. Þá upplifa þær meiri einangrun vegna aðskilnaðar frá barni/börnum sínum eða vitandi að barn/börn þeirra hafa verið send í fóstur (Barry, 1987; Bloom og Chesney-Lind, 2000). Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að þær konur sem sitja í fangelsi eru margar hverjar langt leiddar af harðri fíkniefnaneyslu (sbr. Peugh og Belenko, 1999; McClellan, Farabee og Crouch, 1997) og

¹⁵ Hér skal taka fram og getur hafa haft áhrif á niðurstöðurnar eins og höfundar rannsóknarinnar benda á, að þá var meirihluti dómara sem tók þátt í könnuninni karlmenn sem komnir voru yfir miðjan aldur. Þannig má vera að þeir hafi önnur gildi heldur en ef kona væri dómari eða yngri einstaklingur.

með meiri heilbrigðis- og geðvandamál í samanburði við karlfanga (sbr. Cosden og Cortez-Ison, 1998; Gombert og Hirenberg, 1993).

Á árunum 1998 til 2003 var gerð hér á landi athugun á félagslegum högum kynjanna, auk heilsufars og vímuefnasögu þeirra við upphaf afplánunar í fangelsi.¹⁶ Ennfremur var tekin inn breyta sem segir til um hvort viðkomandi hefði áður afplánað eða ekki. Spurningalisti var lagður fyrir bæði kynin og tók til alls 689 fanga, þar af 49 kvenna. Aldursdreifingin á meðal kvenfanganna var frá 18 ára til 56 ára. Meðalaldurinn var um 33 ára og hæsta tíðni þeirra var í aldurshópnum 31 árs til 40 ára. Flestar höfðu fastan samastað áður en þær hófu afplánun. Um 61% bjó í leiguhúsnaði eða í húsnaði á vegum félagsmálayfirvalda. Um 14% hafði búið hjá foreldrum/ættingja en 6% hafði komið af götunni. Aldursdreifingin á meðal karlfanganna var frá 16 ára til 72 ára. Meðalaldurinn var 28 ára og hæsta tíðni þeirra var í aldurshópnum 21 árs til 25 ára. Konurnar voru því að meðaltali eldri í fangelsi en karlmennirnir.

Hér fyrir neðan eru birtar nokkrar niðurstöður varðandi athugun á kynjunum út frá félagslegri stöðu þeirra sem höfðu ekki áður afplánað refsingu í fangelsi í samanburði við þau sem höfðu áður afplánað. Alls voru 358 (56%) karlmanna í úrtakinu að hefja afplánun í fyrsta sinn og 43 (80%) á meðal kvennanna.

Niðurstöðurnar gáfu eftirfarandi vísbendingar:

Í ljós kom að meirihluti kvenfanganna sem var að afplána í fyrsta sinn átti við mun meiri félags- og heilbrigðisvanda að stríða en karlmenn sem voru í sinni fyrstu afplánun. Niðurstöðurnar sýndu jafnframt fram á að félags- og heilbrigðisvandi kvenfanga væri mun líkari félags- og heilbrigðisvanda karlfanga sem höfðu oft áður fengið fangelsisrefsingu - „síbrotaðmenn”.

Meirihluti kvenfanganna eða 65% hafði alist upp hjá báðum blóðforeldrum sem var svipað og á meðal karlfanganna og rúmlega helmingur kvenfanganna sagðist hafa alist upp við óreglu í æsku. Hlutfallslega var algengara að konur svöruðu þessari spurningu játandi þótt ekki hafi fengist marktækur munur á milli kynjanna. Þær voru ekki spurðar út

¹⁶ Margrét Sæmundsdóttir (2003), bls. 57-75

í hvort þær hefðu orðið fyrir annars konar vanrækslu eða ofbeldi, s.s. kynferðislegri misnotkun í æsku en nauðsynlegt er að skoða þá þætti frekar.

Meirihluti kvenfanganna hafði eingöngu lokið grunnskólaprófi eða 61% og rétt innan við 22% hafði byrjað í framhaldsskóla en hætt án þess að ljúka námi. Svipað var að segja um karlfangana og menntun þeirra en þó virtust þeir hafa í 10% tilvika meiri menntun, oftast þá iðnmenntun.

Rúmlega helmingur eða 51% var einhleypur eða í lausu sambandi. Ekki var munur á milli kynjanna varðandi hjúskaparstöðu. Allmargir af kvenföngunum voru mæður eða 70% þeirra, en meirihluti þeirra eða 53% sagðist hins vegar ekki hafa haft barnið/börnin í sinni umsjón áður en afplánunin hófst. Margar nefndu að barnið/börnin væru vistuð á vegum barnaverndaryfirvalda en aðrar sögðu að foreldrar sínir önnuðust uppeldið en þær væru í tengslum við barnið/börnin. Þær sem bjuggu með barni voru langflestar einstæðar mæður. Á móti sögðust 46% karlkyns fanganna eiga barn/börn og af þeim sagðist rúmlega 70% ekki vera með barnið í sinni umsjón. Tæplega helmingur kvenfanganna átti fleira en eitt barn, þar af sagðist 24% eiga 2 börn og svipað hlutfall sagðist eiga fleiri börn. Með þessu má segja að fangelsun mæðra á tímabilinu 1998 til 2003 hafi snert um 60 börn á Íslandi.

Meirihluti kvenfanganna var ekki í fastri vinnu áður en þeir hófu afplánun fangelsisrefsingar eða 60% þeirra. Um 30% kvennanna voru öryrkjar og 30% voru atvinnulausar. Til samanburðar var meirihluti karlfanganna eða 57% í fastri vinnu áður en þeir komu í afplánun. Þeir karlfangar sem höfðu verið atvinnulausir til langs tíma eða öryrkjar höfðu flestir langan sakaferil og höfðu setið áður í fangelsi.

Fjórði hver kvenfangi sagði líkamlega heilsu sína góða en þær konur sem svöruðu því neitandi nefndu oftast öndunarfærasjúkdóma eða bakverki. Algengara var að konur finndu fyrir líkamlegri vanlíðan en karlmenn, þótt ekki hafi verið marktækur munur á milli kynjanna. Helmingur kvenfanganna sagðist eiga við þunglyndi/kvíða að stríða. Á móti sögðu tæplega 26% karlkyns fanganna það sama. Þá sögðust um 60% kvenfanganna hafa þegið félags- eða örorkubætur áður en þær komu í fangelsið en 38% karlfanganna þáðu bætur.

Fíkniefnavandinn reyndist vera mikill á meðal kvenfanganna en nærri 81% þeirra sögðust hafa neytt fíkniefna áður en afplánun hófst sem mældist 13% herra en hjá karlföngum. Við svörun um fíkniefnaneyslu og tegund fíkniefna kom í ljós að margar kvennanna notuðu alla flóru þeirra fíkniefna sem finnast á íslenskum markaði. Niðustaðan var sú að 31% reykti kannabis daglega eða oft í viku, 37% neyttu amfetamíns daglega eða oft í viku, 45% notuðu stundum eða höfðu prófað sveppi og LSD og 6% notað alsælu oft í viku. Rúmlega 14% sprautaði sig daglega eða oft í viku og 22% misnotaði lyf daglega eða oft í viku. Munur var á milli kynjanna og tegund fíkniefna sem þau neyttu. Algengara var að karlfangar notuðu kannabisefni daglega eða oft í viku en kvenfangarnir amfetamín og sprautur. Þá var mikill munur á milli kynjanna á misnotkun lyfja. Konur misnotuðu í mun ríkari mæli lyf heldur en karlmenn eða mældust um 15% hærri. Í rannsókn sem Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli Guðjónsson (1994) gerðu á íslenskum föngum kom þessi munur líka fram á neyslumynstri kvenfanga og karlfanga, sérstaklega hvað varðar notkun sprautna.

Um 70% kvennanna hafði farið í vímuefna meðferð áður en þær komu í fangelsið og af þeim hafði helmingur þeirra farið oftari en þrisvar sinnum í meðferð. Marktækt algengara kom fram að konur hefðu lengri meðferðarsögu en karlfangar.

Niðurstöðurnar hér að ofan gefa til kynna að konur í fangelsi á Íslandi séu bæði félagslega- og heilsufarslega verr staddar en karlfangar. Það má sjá með því að bera saman m.a. hversu atvinnuþátttaka þeirra var mun minni en á meðal karlfanganna áður en afplánun hófst. Margar þáðu örorkubætur vegna andlegra sjúkdóma og margar höfðu misst tímabundið eða til langs tíma barnið/börnin frá sér. Þá virðast þær eiga við meiri og alvarlegri vímuefnavanda að stríða en meirihluti karlfanga og algengt var að þær hefðu lengri meðferðarsögu á bak við sig. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við niðurstöður margra erlendra rannsókna sem gerðar hafa verið á föngum og minnst var á hér að framan. Þá bentu niðurstöðurnar til þess að það væru ekki tengsl á milli afplánunarsögu kvenfanga og félags- og heilsufarsstöðu þeirra. Langflestar voru að afplána í fyrsta sinn og voru margar illa á sig komnar þegar þær hófu afplánun. Vanda þeirra má meira líkja við þá karlfanga sem höfðu margsinns áður afplánað refsingu í fangelsi.

5. Lokaorð: Vangaveltur um konur og afbrot

Samkvæmt gögnum sem skoðuð voru í þessari athugun, eru konur mun sjaldnar kærðar fyrir refsiverð brot heldur en karlmenn sem endurspeglast síðan líka í mun lægra hlutfalli þeirra í fangelsum. Í gögnum frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu má sjá að konum hefur fjölgað í fangelsum á milli ára og hlutfallslega meira en á meðal karla. Mönnum ber þó ekki saman hvað veldur þessari fjölgun. Sumar athuganir sýna að fjölgunina sé einkum að finna í því að konur séu farnar að fremja alvarlegri brot en áður en aðrar athuganir sýna að refsistefnan sé að þróast meira í þá átt að beita oftar fangelsisvistun við minniháttar brotum. Á hinn bóginn hefur konum í fangelsum hvorki farið fjölgandi á Íslandi né á hinum Norðurlöndunum. Sú fjölgun í fangelsum hjá báðum kynjum á Norðurlöndunum sem komið hefur fram á þessum áratug skýrist af ytri þáttum og fjölgun erlendra fanga sem erfitt er að henda reiður á hvort muni haldast í framtíðinni.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar til að reyna að skýra hvers vegna konur eru miklu færri í afbrotum en karlmenn. Ein skýringin á þessum mun fjallar um ólíka uppeldis- og félagslega stöðu kynjanna. Sú skýring tekur á því að stúlkur alast upp við meira félagslegt aðhald í æsku sem heldur aftur af þeim í samfélaginu. Að sama skapi má segja að ef þær fá ekki þetta aðhald þá séu þær líklegri til þess að verða fyrir neikvæðum áhrifum. Út frá þessari skýringu voru skoðaðar rannsóknir sem gerðar hafa verið á félagslegri stöðu kynjanna sem hefja afplánun í fangelsum og metið hvort það geti staðist að staða kvenna sé verri en hjá karlmönnum. Í ljós kemur að það eru sterkar vísbendingar um að svo sé og þar með er dregin sú ályktun að þær séu síður líklegar til að fremja afbrot nema að þær hafi ekki fengið hið hefðbundna aðhald í æsku. Mikilvægt er því að taka á málum þeirra fastari tókum fyrr á lífsleiðinni en samhliða því þarf samfélagið að öðlast meiri skilning á kynjunum sem gerendum í afbrotum og meðhöndla þau á sama hátt.

Heimildir:

- Ársskýrslur Fangelsismálastofnunar (1992-2003)
- Barry, E. (1987): Imprisoned mothers face extra hardships. National Prison Journal, 14
- Belknap, J. (2001). The Invisible Women: Gender, Crime and Justice. Belmont, CA. Wadsworth Publishing Co
- Bureau of Justice Statistics USA (2002): Factsheet, Women in Prison
- Chesney-Lind, M. (1997). The Female Offender: Girls, Women and Crime. Thousand Oaks, CA. Sage Publications
- Conklin, J.E. (1995). Criminology. Allan & Bacon.
- Cosden, M and Cortez-Ison, E (1998). "Sexual abuse, Parental bonding, Social Support and Program Retention for Women in Substance Abuse Treatment". Journal of Substance Abuse Treatment, 16(2), 149-155
- Gelsthorpe, Loraine and Morris Allison (2002): Women's imprisonment in England and Wales: A penal paradox. Criminal Justice.. London, Thousand Oaks. Sage Publications, bls. 277-296
- Gelsthorpe, L and Loucks, N (1997): Magistrates' explanations of sentencing decisions, edited Hedderman and L. Gelsthorpe: Understanding Sentencing of Women. Home Office Research Study. London, Home Office, bls. 25-44
- Gomberg, E.S.L and Nirenberg, T.D, (1993) "Antecedents and Consequences". Women and substance abuse, bls. 118-141. Norwood, NJ. Ablex Publishing Co
- Hagan, J (1987). Modern Criminology: Crime, Criminal Behaviour and its Control. Singapore: McGraw-Hill
- Hedderman C, and Gelsthorpe, L (1997): Understanding the sentencing of Women. Home Office Research Study. London, Home Office, bls. 1-22
- Heidensohn, F (1985). Women and Crime. Women in Society: A Feminist List edited by Jo Campling Macmillan
- Home Office UK (2001). Follow-up to Women in Prison, Thematic Review 1997
- Home Office UK (2005): Prison statistics England and Wales 2003. Crown 2005
- Jon. F. Sigurdsson og Gisli H. Gudjonsson (1994): Illicit drug use among Icelandic prisoners prior to their imprisonment. CBMH. Criminal Behaviour and Mental Health. Vol 6, no 1
- Marcelo F. A. (2002): Space 1 Council of Europe annual penal statistics. Council of Europe, survey 2002

- McClellan, D.S., Farabee, D and Crouch, B.M. (1997). "Early Victimization, Drug Use, and Criminality: A Comparison of Male and Female Prisoners. Criminal Justice and Behavior, 24, bls. 455-476
- Kriminalvardsstyrelsen (1998: Nordisk Statistik for kriminalvarden í Danmark, Finland, Norge och Sverige
- Kriminalomsorgens (2005): Nordisk Statistikk for kriminalomsorgen í Danmark, Finland, Norge og Sverige 1999-2003. Utdanningscenter KRUS, Oslo
- Margrét Sæmundsdóttir (2003): Félagsleg staða fanga og afbrot þeirra. Ársskýrsla Fangelsismálastofnunar ríkisins, ágúst 2004
- Peugh, J og Belenko, S (1999). "Substance-Involved Women Inmates: Challenges to Providing Effective Treatment. The prison Journal, 79 (1), bls. 23-44
- Player, E. (1989): Women and Crime in the City, edited by D. Downes. Crime and the City. London: Macmillan, bls. 111-127
- Pogrebin, M. R. and Dodge M (2001). Women's accounts of their prison experiences: A retrospective view of their subjective realities. Journal of Criminal Justice, 29, bls. 531-533
- Pollak, O. (1978): The Criminality of Women. Greenwood Press
- Pollock, J. (2002). Women, Crime and Prison. Belmont CA: Wadsworth.
- Rannveig Þórisdóttir, Haukur Freyr og Marius Petersen (2004). Ungir öikumenn: Rannsókn á aksturshegðun karla og kvenna, birt m.a. á lögregluvefnum, www.logreglan.is
- Siegel, L.J. (2004). Criminalology: Theories, Patterns & Typologies. Wadsworth